*@ Björgvin Hilmarsson*

Vestfjarðastofa

# VESTFJARÐASTOFA

## FRÉTTABRÉF MARSMÁNAÐAR 2026

VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM

FV@VESTFIRDIR.IS
WWW.VESTFIRDIR.IS
450-6600

# MANNLÍF OG MENNING Á VESTFIRSKUM PÁSKUM

**Sigríður Ó.Kristjánsdóttir**
***framkvæmdastjóri***

Þessi pistill er skrifaður í miðri Dymbilviku í sól og blíðu á Ísafirði. Þrátt fyrir afar mikla veðursæld í vetur þar sem færð hefur verið með besta móti er illviðrasamur mars ofarlega í huga og pirringur vegna ófærrar Dynjandisheiðar í marga daga, þæfings á öðrum heiðum gerir að verkum að veturinn allur virðist hafa verið langur og erfiður. Svo er ekki því þegar við náum að komast út úr mars og horfum yfir veturinn verður heildarmyndin önnur.

En svo eru það páskarnir á Vestfjörðum. Við sjáum auglýsingar frá stöðum vítt og breitt um Vestfirði sem eru að minna vegfarendur á leið vestur á sig. Víða er stillt upp metnaðarfullum viðburðum og svo stútfull er dagskráin um páskana á norðanverðum Vestfjörðum að valkvíða veldur. Páskarnir eru svo margt hér fyrir vestan en fyrst og fremst eru þeir skemmilegir.

Vestfjarðastofa kemur ekki með beinum hætti að hátíðahaldi um páska eða að bæjarhátíðum en margir viðburðir í tengslum við hátíðir eru studdir í gegnum Uppbyggingarsjóð Sóknaráætlunar. Starfsmenn Vestfjarðastofu styðja við þá sem halda viðburði og hátíðir með margvíslegum hætti enda er menningin límið í samfélögunum okkar og gera mannlífið svo skemmtilegt hvort sem er um páska eða á öðrum tímum ársins.

# MEÐLIMUNUM FÆKKAR. GOTT.

Á tveimur árum hefur sveitarfélögum á Vestfjörðum fækkað um tvö, en fjöldi þeirra hafði þá staðið í stað í rúman áratug. Í maí 2024 sameinaðist Tálknafjarðarhreppur Vesturbyggð, og voru sveitarfélögin þá orðin átta.

Í kosningum í Kaldrananeshreppi og Árneshreppi á dögunum var svo samþykkt að sameina sveitarfélögin og er stefnt að því að gengið verði til kosninga í sameinuðu sveitarfélagi strax í maí. Þetta eru góðar fréttir. Eru sveitarfélögin og meðlimir í Fjórðungssambandi Vestfirðinga þá orðin sjö.

Flest voru þau 35 um miðja síðustu öld samkvæmt afar gagnlegu mælaborði um sveitarfélagaskipan á vef Byggðastofnunar, en það yfirlit nær aftur til ársins 1875.

*Gylfi Ólafsson*
*Formaður stjórnar Vestfjarðastofu*

**Hvað næst?**
Ég er fylgjandi áframhaldandi sameiningu sveitarfélaga. Margt kallar á það og styður; aukin og flóknari verkefni, bættar samgöngur og samskipti, niðurfelling sýslnanna sem stjórnsýslueiningar, og margt fleira. Mín tillaga er að í næsta skrefi verði sveitarfélögum fækkað hressilega og að Ísafjarðarbær rynni inn í nýtt sveitarfélag sem ég hef gefið vinnuheitið Sjávarbyggð. Innviðaráðherra setti fram í haust metnaðarfullar hugmyndir um heimild til lögþvingaðrar sameiningar smæstu sveitarfélaganna. Þær fyrirætlanir hafa runnið út í sandinn.

Flestir kjörnir fulltrúar í kringum kjálkann sem ég tala við telja það raunar óumflýjanlega sögulega nauðsyn að sveitarfélögum fækki enn frekar, en vísa gjarnan í það að nú sé ekki rétti tíminn. Ég hvet frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningunum til að setja sameiningarmál á dagskrá til að fá um þau umræðu í kosningarbaráttunni.

Ég óska sameinuðu sveitarfélagi alls hins besta, og þá ekki síst í vali á nýju nafni. Það verður snúið. Ég á auðvitað ekki að blanda mér í þetta en get barasta ekki stillt mig. Hvað með Norðurstrandahrepp?

# VINNUSTOFUR HAGAÐILA PÁSKA FYRIR VESTAN

Þann 3. mars sl. stóð Ísafjarðarbær í samvinnu við Aldrei fór ég suður og Vestfjarðastofu fyrir hagaðilafundi um „Páska fyrir vestan“ – yfirheiti þeirrar fjölbreyttu dagskrár sem spannar nú alla norðanverða Vestfirði um páskana með Aldrei fór ég suður og Skíðavikuna í broddi fylkingar. Fundurinn markaði mikilvægt skref í átt að auknu samstarfi og sameiginlegri framtíðarsýn fyrir eina stærstu viðburðahelgi svæðisins.

Tilefni fundarins var ákall frá forsvarsfólki Aldrei fór ég suður um breiðari aðkomu hagaðila, með það að markmiði að efla sameiginlegt eignarhald, ábyrgð og stefnumótun fyrir hátíðina. Alls tóku 38 þátttakendur þátt í vinnustofunni þar sem unnið var með spurningar sem varða umgjörð og andrúmsloft hátíðarhaldanna.

**Traustur grunnur, vinalegt viðmót og bætt upplýsingagjöf**

Niðurstöður fundarins sýna að Páskar fyrir vestan byggja á afar sterkum grunni. Samspil tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður, Skíðavikunnar og öflugs samfélagsanda skapar einstaka upplifun. Augljóst var á svörum þátttakenda að mannlegi þátturinn sé lykilatriði í upplifun gesta.

Þátttakendur voru sammála um að skýr upplýsingagjöf og gott aðgengi að þjónustu hafi afgerandi áhrif á upplifun þeirra sem sækja okkur heim.

Ljóst mátti heyra skýrt ákall um aukið og skipulegra samstarf hagaðila og leggur vinnan sem hófst á fundinum grunn að næstu skrefum með frekari samvinnu hagaðila – með það að markmiði að gera upplifun gesta enn betri og efla jákvæða ímynd Vestfjarða.

Um kvöldið var síðan íbúafundur Aldrei fór ég suður þar sem einnig var kallað eftir svörum þeirra um nokkra afmarkaða þætti. Þá var einnig listinn yfir þá sem spila á hátíðinni í ár birtur formlega í fyrsta sinn og Skúli mennski tók forskot á sæluna með því að flytja nokkra slagara úr eigin smiðju.

Nú eru páskarnir handan við hornið með allri sinni gleði hér á norðanverðum Vestfjörðum – við óskum ykkur öllum góðrar skemmtunar.

# GUÐRÚN ANNA OG HJÖRLEIFUR Á RECET FUNDI Á MENORKA

Það hyllir undir lok RECET orkuskiptaverkefnisins sem endar í haust. Aðilar verkefnisins á Íslandi, Slóveníu, Danmörku, Svíþjóð og Spáni blésu því til lokafundar í raunheimum þar sem farið var yfir árangurinn hingað til, skoðað hvernig væri hægt að viðhalda því sem áunnist hefur og skipuleggja skýrsluskil til Evrópusambandsins. Spænskir félagar buðu heim til sín á Menorka sem, eins og sólþyrstum Íslendingum er vel kunnugt, er ein balearísku eyjanna ásamt Mallorca og Ibiza, og var heimsóknin sérleg vel skipulögð.

Fyrir Vestfjarðastofu fóru Guðrún Anna Finnbogadóttir teymisstjóri í atvinnu- og byggðaþróun og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri umhverfis- og loftlagsmála, sem hefur leitt verkefnið á Vestfjörðum. Fyrsti dagurinn var helgaður innri málum verkefnisins, Það sem rýnt var í hvort ekki væru allir hlutar samningsins uppfylltir og afurðir tilbúnar á réttum tíma. Hvað það varðar er staðan góð hjá Vestfjarðastofu enda hefur verið mikið verið fundað og margar vinnustofur haldnar undir hatti verkefnisins.

Annar dagurinn var helgaður orkuskiptum í samgöngum þar sem rýnt var í þær áskoranir sem Menorka glímir við. Rétt eins og á Vestfjörðum er afhendingaröryggi rafmagns á Menorka ekkert sérstaklega gott, en nokkuð umfangsmikil sólarorkuvæðing er að bæta úr því, hinsvegar er rafbílavæðing skammt á veg komin, sem vekur nokkra furðu þegar hugsað er til stærðar eyjarinnar.

Menorka kom eyjaskeggjum frá Íslandi skemmtilega á óvart. Þar er gróður lágur vegna seltu og steinhleðslur um alla eyjuna til að mynda skjól fyrir henni og norðanáttinni. Þeirra helsti landbúnaður eru ær og kýr og eru kindur á beit inn í sólarsellugarðinum svo ekki þurfi að slá undir sellunum.

Menorka er fallegur staður, með einstaka matargerð en umfram annað er það gestrisni eyjarskeggja sem gerir eyjuna að stað sem vel er hægt að mæla með sem góðu tilbrigði við Spánarferðir landans.

RECET

# UNGMENNARÁÐ VESTFJARÐA FJALLAÐI UM ALMENNINGSSAMGÖNGUR Á ALÞINGI

Í mars fór formaður Ungmennaráðs Vestfjarða, Hildur Ása Gísladóttir, ásamt verkefnastjóra ráðsins á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þar sem hún kynnti umsögn. Fundurinn var góður og tóku alþingismenn undir áhyggjur ráðsins af stöðu almenningssamgangna á Vestfjörðum.

Málefnið hefur einnig vakið athygli á landsvísu, en fjallað var um það í frétt RÚV þar sem fram kemur að Ungmennaráð Vestfjarða hafi ákveðið að „taka skrefið og senda á Alþingi“ vegna þungra áhyggja af stöðu almenningssamgangna í fjórðungnum.

Í umsögn ráðsins kemur fram að staða almenningssamgangna á Vestfjörðum sé verulega ábótavant og að fyrirhugaðar breytingar á leiðakerfi landsbyggðarvagna geri lítið til að bæta úr stöðunni. Þvert á móti séu vísbendingar um að Vestfirðir sitji áfram eftir í þróun almenningssamgangna.

Ungmennaráðið lýsir sérstökum áhyggjum af því að eftir sameiningu sveitarfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum sé gert ráð fyrir að hætta styrkveitingum til almenningssamgangna innan nýs sveitarfélags. Að mati ráðsins gæti það haft neikvæð áhrif á aðgengi barna og ungmenna að skóla-, íþrótta- og tómstundastarfi og aukið ójöfnuð milli þeirra sem hafa aðgang að einkabíl og þeirra sem ekki hafa.

Í umsögninni er einnig lögð áhersla á að almenningssamgöngur séu lykilforsenda fyrir auknu samstarfi milli byggðarlaga á Vestfjörðum og þar með fyrir byggðaþróun, þjónustu og félagslíf á svæðinu. Skortur á slíkum samgöngum hamli verulega jafnu aðgengi íbúa að þjónustu.

Ungmennaráðið tekur undir mikilvægi þeirra aðgerða sem snúa að uppbyggingu heildstæðs leiðakerfis og bættri upplýsingagjöf um almenningssamgöngur, en bendir jafnframt á að skortur sé á skýrri heildarstefnu og að Vestfirðir hafi að mestu verið undanskildir í samráðsferlinu hingað til. Þá er bent á að núverandi fjárhagsrammi samgangna taki mið af núverandi leiðakerfi, þar sem Vestfirðir eru að stórum hluta utan kerfisins. Slík nálgun festi í sessi ójöfnuð milli landshluta og gangi gegn markmiðum stjórnvalda um jafnt aðgengi og byggðaþróun.

Ungmennaráð Vestfjarða leggur áherslu á að tryggja þurfi raunverulegt samráð, skýra stefnumótun og aukna fjárfestingu í almenningssamgöngum á Vestfjörðum svo tryggja megi jafnan aðgang íbúa, ekki síst ungs fólks, að námi, þjónustu og samfélagsþátttöku.

# PÚKINN: VESTFIRSKIR UNGLINGAR BÚA TIL BÍÓ

Barnamenningarhátíðin Púkinn hefur verið á fullri ferð í forleik sínum að hátíðinni. Erlingur Óttar Thoroddsen frá UngRIFF hefur farið út um allar koppagrundir með vinnustofur fyrir vestfirska unglinga. Fyrst fór hann í Vesturbyggð sem við fjölluðum um í janúarbréfinu. Síðan þá hefur hann heimsótt Grunnskólann á Ísafirði þar sem hann vann með nemendum í 9. bekk, farið á Þingeyri þar sem hann vann með unglingastiginu þar og á Suðureyri og loks í Grunnskóla Bolungarvíkur þar sem hann vann einnig með unglingastiginu.

Verkefnið er styrkt af Erasmus+ áætluninni þar sem unnið er með myndræna sýn ungmennanna á samfélag sitt.

UngRiff er barnamenningarhluti RIFF – Reykjavík International Film Festival, sem hefur það að markmiði að skapa ungu fólki tækifæri til að tjá sig í gegnum kvikmyndagerð. Með fjölbreyttum námskeiðum og fræðsluverkefnum er lögð áhersla á að efla sköpun, samvinnu og gagnrýna hugsun, auk þess að kveikja áhuga sem getur fylgt þátttakendum til framtíðar.

Námskeið UngRiff byggja á virkri þátttöku þar sem ungt fólk fær að kynnast öllum helstu þáttum kvikmyndagerðar – frá hugmyndavinnu og handritaskrifum til töku og eftirvinnslu. Verkefnin eru hönnuð þannig að kvikmyndagerð sé bæði skemmtileg og lærdómsrík reynsla, þar sem áhersla er lögð á teymisvinnu, samtal og skapandi nálgun.

Dagana 14.-16. apríl verður Erlingur með vinnustofur á Hólmavík fyrir unglingana á Ströndum og Reykhólum. Á Púkanum, sem fer fram dagana 27. apríl – 8. maí, verður síðan hægt að berja myndirnar augum.

Sjá myndir frá Erlingi  á næstu síðu.

Erasmus+
Enriching lives, opening minds.

UNG RIFF
BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐ

PÚKINN

Bolungarvík

ERASMUS

SÍÐASTI VETUR
FARÞEGINN
ÉG SÉ ÞIG AFTUR
TYNDA

Ísafjörður

Þingeyri

DRAUGURINN Í SKÓLANUM

Vesturbyggð

# FÉLAG FAGFÓLKS Í FRÍSTUNDAÞJÓNUSTU HEIMSÓTTI VESTFIRÐI

Dagana 19. og 20. mars heimsótti félag fagfólks í frístundaþjónustu Vestfirði með það að markmiði að kynna sér starfsemi á svæðinu, efla tengsl og eiga faglegt samtal við þá sem starfa í málaflokknum á svæðinu. Heimsóknin var liður í því að styrkja samstarf, miðla reynslu og varpa ljósi á þau tækifæri og áskoranir sem felast í starfi með börnum og ungmennum á landsbyggðinni. Erna Lea Bergsteinsdóttir, verkefnastjóri farsældarráðs og ungmennaráðs Vestfjarða, hafði það hlutverk að fylgja hópnum um svæðið, skipuleggja dagskrá og kynna fyrir þeim þá sýn og þau verkefni sem unnin eru á vettvangi farsældar barna og ungmenna á Vestfjörðum.

Byrjað var á að heimsækja Lýðskólann á Flateyri þar sem Margrét Gauja Magnúsdóttir skólastjóri tók á móti hópnum. Hún kynnti starfsemi skólans, hugmyndafræði hans og mikilvægu hlutverki skólans í samfélaginu. Umræður sköpuðust um gildi óformlegs náms og hvernig slíkt nám getur styrkt ungt fólk, aukið sjálfstraust og víkkað sjóndeildarhring þeirra. Að því loknu var haldið til Bolungarvíkur í félagsmiðstöðina Tópaz þar sem Hanna Þórey Björnsdóttir, stjórnandi félagsmiðstöðvarinnar, tók á móti hópnum og kynnti starfsemina. Sérstök áhersla var lögð á að ræða hvernig hægt er að skapa uppbyggilegt umhverfi fyrir ungmenni, efla þátttöku þeirra og byggja upp sterka félagslega tengingu innan samfélagsins.

Á föstudeginum heimsótti hópurinn félagsmiðstöðina Djúpið og dægradvölina á Ísafirði. Þar fékkst innsýn í daglegt starf, skipulag og nálgun starfsfólks í starfi með börnum og ungmennum. Dagnýju Finnbjörnsdóttir, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Ísafjarðarbæjar tók á móti hópnum.

Dagný fór yfir skipulag og áherslur í æskulýðs- og íþróttastarfi sveitarfélagsins og ræddi meðal annars mikilvægi samvinnu á milli stofnana, fjölbreytni í framboði fyrir ungmenni og hvernig tryggja megi að öll börn og ungmenni hafi aðgengi að uppbyggilegu frístundastarfi.

Heimsókninni lauk hjá Vestfjarðastofu þar sem Erna Lea kynnti starf farsældarráðs og ungmennaráðs Vestfjarða. Þar var farið yfir hlutverk ráðanna, helstu verkefni og áherslur, sem og mikilvægi þess að tryggja rödd barna og ungmenna í ákvarðanatöku. Til stóð að heimsækja Vesturbyggð sem hluta af dagskránni, en vegna ófærðar reyndist það ekki mögulegt að þessu sinni.

Í heimsókninni sköpuðust góð og uppbyggileg samtöl við starfsfólk á svæðinu þar sem reynsla, þekking og sjónarmið voru miðluð á opinn og heiðarlegan hátt. Slíkar heimsóknir eru mikilvægar til að efla faglegt starf, styrkja tengslanet og skapa sameiginlegan skilning á því hvernig best sé að styðja við börn og ungmenni, óháð búsetu. Vestfirðir búa yfir fjölmörgum tækifærum þegar kemur að starfi í frístundaþjónustu, en jafnframt eru þar áskoranir sem mikilvægt er að ræða og vinna sameiginlega að lausnum á. Heimsóknin var því mikilvægur liður í áframhaldandi þróun og eflingu frístundaþjónustu, með farsæld barna og ungmenna að leiðarljósi.

# VERKEFNASTJÓRAR HEIMSÓTTU FYRIRTÆKI Á REYKHÓLUM

Þann 10.mars fóru þau Embla Dögg Bachmann og Magnús Þór Bjarnason í heimsóknir til nokkurra fyrirtækja á Reykhólum, þar sem þau kynntu sér fjölbreytta og öfluga starfsemi í atvinnulífi svæðisins.

Fyrst var komið við í Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum, þar sem lögð er áhersla á sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda. Þar fengu þau innsýn í framleiðsluferlið og þá miklu möguleika sem felast í nýtingu þörunga í matvæla- og heilsuiðnaði.

Í kjölfarið heimsóttu þau Norðursalt á Reykhólum, þar sem framleitt er hágæða sjávarsalt með umhverfisvænum hætti. Þar var farið yfir framleiðsluaðferðir, markaðssetningu og vaxandi eftirspurn eftir íslensku sjávarsalti bæði innan sem utan lands.

Að lokum var komið við hjá Dalla á Reykhólum, sem framleiðir vörumerkið Glæði. Þar kynntu þau sér þróun og framleiðslu á íslenskum gæðavörum, auk þess að ræða framtíðar möguleika og áskoranir í rekstri smærri framleiðanda.

Heimsóknirnar voru afar fróðlegar og veittu góða innsýn í kraftmikið atvinnulíf á Reykhólum, þar sem nýsköpun, sjálfbærni og staðbundin framleiðsla skipta lykilmáli.

# SVÆÐISSKIPULAG VESTFJARÐA 2025-2050 ÁFRAM KYNNT

Kynningartillaga Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 ásamt fylgigögnum liggur nú frammi í Skipulagsgátt þar sem hún verður opin til umsagnar til og með 7. apríl n.k., og liggja gögnin einnig frammi á skrifstofum sveitarfélaga.

Til að kynna efni tillögunnar þá boðaði Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða til opinna funda á öllum þremur svæðum Vestfjarða í febrúarmánuði, en vegna veðurs þurfti að fresta á Patreksfriði. Sá fundur var síðan haldinn þann 10. mars og var hann ágætlega sóttur. Lilja Magnúsdóttir formaður svæðisskipulagsnefndar opnaði fundinn og Herdís Sigurgrímsdóttir VSÓ ráðgjöf og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu kynntu efni kynningartillögu og síðan boðið upp á nánari kynningu á vinnuborðum sem skipt var upp eftir efnisflokkum.

Í mánuðinum var einnig boðið upp á kynningu í Vör, félagsmiðstöð eldri borgara sem staðsett er á Hlíf á Ísafirði.

Á umsagnartíma er kallað eftir athugasemdum frá almenningi og öðrum hagaðilum við efni tillögunnar. Umsagnir ber að leggja inn í Skipulagsgátt þar sem umsagnaraðilar skrá sig inn, en almennar fyrirspurnir og minniháttar ábendingar má senda á netfangið skipulag@vestfirdir.is

# FRAMTÍÐIN OG LÝÐRÆÐI Í FORGRUNNI HJÁ UNGMENNARÁÐI VESTFJARÐA

Ungmennaráð Vestfjarða hefur ákveðið að þema barnamenningarhátíðarinnar Púkans árið 2027 verði Framtíðin. Með þemavalinu vill ráðið hvetja börn og ungmenni á Vestfjörðum til að velta fyrir sér framtíðarsýn sinni og samfélagsins í kringum sig, með sérstaka áherslu á skapandi tjáningu í gegnum myndlist.

Púkinn er árleg barnamenningarhátíð á Vestfjörðum þar sem börn og ungmenni taka þátt í fjölbreyttu menningarstarfi, svo sem listasmiðjum, sýningum og skapandi verkefnum. Hátíðin leggur áherslu á þátttöku barna sjálfra í mótun dagskrár og hefur það markmið að efla sköpunarkraft, sjálfstæða hugsun og menningarlega þátttöku yngri kynslóða. Með þemanu Framtíðin er ætlunin að skapa vettvang fyrir unga fólkið til að tjá hugmyndir sínar um samfélagið, umhverfið og eigin framtíð í gegnum list.

Í tengslum við þetta hefur ungmennaráðið einnig ákveðið að halda ungmennaþing Vestfjarða á Suðureyri dagana 16.–18. september 2026, þar sem þemað verður lýðræði. Þar munu ungmenni úr fjórðungnum koma saman og takast á við helstu málaflokka sveitarfélaga, líkt og gert er í raunverulegu stjórnsýsluumhverfi.

Á þinginu fá þátttakendur það hlutverk að setja sig í spor sveitarstjórnarfólks, vinna tillögur og ræða þær í hópum áður en þær eru teknar fyrir á sameiginlegum fundum. Með þessu fá ungmenni innsýn í lýðræðisleg vinnubrögð og raunhæfa reynslu af ákvarðanatöku og stefnumótun.

Verkefnin tvö, Púkinn og ungmennaþingið, tengjast með beinum hætti. Á þinginu verður fjallað um ólíka málaflokka sveitarfélaga og þar á meðal menningarmál. Sérstakur hópur verður tileinkaður menningu, þar sem barnamenningarhátíðin Púkinn verður í forgrunni umræðunnar. Í þeim hópi munu þátttakendur ræða menningarlíf á Vestfjörðum með sérstakri áherslu á börn og ungmenni, hlutverk þeirra í menningarsköpun og hvernig megi efla aðgengi þeirra að fjölbreyttu menningarstarfi.

Með þessari vinnu vill ungmennaráðið bæði efla lýðræðislega þátttöku og tryggja að raddir ungs fólks heyrist í mótun samfélagsins. Með því að tengja saman menningu og stjórnsýslu fá ungmenni tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif, hvort sem er í gegnum listsköpun eða stefnumótandi umræðu um framtíð Vestfjarða.

# SKEMMTILEGT KAFFISPJALL Á REYKHÓLUM Í AÐDRAGANDA FRUMKVÆÐISSJÓÐS

Góð stemning og lífleg umræða einkenndi opið kaffispjall sem haldið var á Reykhólum að kvöldi 10. mars síðastliðins. Viðburðurinn var haldinn í aðdraganda opnunar frumkvæðissjóðs sem opnaði formlega þann 16. mars, og var markmið hans að virkja samtal og hugmyndavinnu meðal íbúa.

Um 30 manns mættu á kaffispjallið og nutu þess að koma saman í notalegu umhverfi þar sem boðið var upp á kaffi og snarl. Þá gafst gestum einnig kostur á að kaupa sér drykki á barnum, sem skapaði enn frekari kósý stemningu.

Ljóst var af þátttöku og umræðum að þörf er á fleiri slíkum viðburðum og aukinni afþreyingu í Reykhólahreppi. Viðburðurinn skapaði vettvang þar sem fólk gat borið saman hugmyndir, rætt möguleika og velt fyrir sér hvað mætti gera til að efla samfélagið.

Fulltrúar verkefnisstjórnar og starfsmenn Vestfjarðastofu voru til staðar og dreifðu sér um svæðið, sem gerði gestum kleift að leita til þeirra allra með spurningar, hugmyndir eða ábendingar. Fyrirkomulagið stuðlaði að opnu og aðgengilegu samtali.

Viðburðurinn tókst afar vel og undirstrikaði mikilvægi þess að skapa vettvang fyrir samtal, samveru og nýjar hugmyndir í heimabyggð – sérstaklega á tímum þegar ný tækifæri, líkt og frumkvæðissjóðurinn, eru að opnast fyrir íbúa Reykhólahrepps.

Fólk á öllum aldri mætti.

Frumkvæðissjóðurinn opnaði 16. mars 2026 klukkan 12:00 og lokar 29. april 2026 klukkan 16:00. Hægt er að sækja um á heimasíðu Vestfjarðastofu.

# VÖRUMESSA MÍ Á VESTFJARÐASTOFU

Vörumessa Menntaskólans á Ísafirði fór fram í húsakynnum Vestfjarðastofa þann 26. mars síðastliðinn. Þrátt fyrir gula veðurviðvörun var mæting góð og góð stemning hjá sýnendum og gestum.

Vörumessan er árviss viðburður þar sem nemendur kynna verkefni sín úr áfanganum hugmyndir og nýsköpun. Þar fá ungmenni tækifæri til að þróa eigin hugmyndir, vinna þær áfram í samstarfi við fyrirtæki og ráðgjafa á svæðinu og kynna afraksturinn fyrir almenningi. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, skapandi hugsun og raunhæfar lausnir sem geta átt erindi við samfélagið.

Það er ávallt ánægjulegt að sjá hversu hugmyndarík og metnaðarfull nemendaverkefnin eru. Nemendur kynntu frumgerðir og buðu jafnframt vörur til sölu, sem gaf gestum tækifæri til að kynnast verkefnunum af eigin raun. Slík reynsla er dýrmæt og styrkir færni þeirra í nýsköpun, samstarfi og kynningu – færni sem nýtist þeim vel í framtíðinni

Viðurkenningar voru veittar fyrir framúrskarandi árangur í nokkrum flokkum. Í flokknum Framúrskarandi fyrirtæki bar sigur úr býtum fyrirtækið JAS, sem framleiðir glitrandi augnskugga. Vakti verkefnið athygli fyrir fjölbreytt úrval augnskuggapalletta með flauelsmjúkum litum og vandaðri framsetningu.

Í flokknum Framúrskarandi kynningarstarf hlaut fyrirtækið Lavender-lind viðurkenningu fyrir skýra og aðlaðandi framsetningu. Verkefnið byggir á framleiðslu handgerðar íslenskrar náttúrusápu með sjávarsalti sem einnig nýtist vel sem húðskrúbbur.

Vörumessan er mikilvægur vettvangur fyrir unga frumkvöðla á Vestfjörðum og sýnir vel þann kraft og sköpunargleði sem býr í nemendum svæðisins.

*Starfshópurinn með Eyjólfi Ármannssyni innviðaráðherra. Frá vinstri eru: Valgerður Gréta Benediktsdóttir, Hólmfríður Sveinsdóttir, Eyjólfur Ármannsson, Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir og Valtýr Þórisson formaður hópsins. Á myndina vantar Jón Árnason.*

# VESTFIRÐIR VERÐI HLUTI AF HRINGVEGI 1

Starfshópur sem Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra skipaði leggur til að vegir nr. 60 (Vestfjarðavegur) og nr. 61 (Djúpvegur) verði skilgreindir sem hluti af Hringvegi 1, aðalþjóðveginum sem tengir saman landshluta í stað þess að stærri hringur um Vestfirði yrði skilgreindur Hringvegur 2. Það muni jafna stöðu Vestfjarða gagnvart öðrum landshlutum og styrkja byggðir á svæðinu.

Innviðaráðherra skipaði starfshópinn haustið 2025 og var honum falið var að skoða kosti og galla þess að merkja veg um Vestfirði (nr. 60, 61, 62, 63 og 68) sem hringveg sem fengi vegnúmerið 2. Hugmyndin um hringveg 2 er líklega nærri tíu ára gömul og hófst þegar hylla fór undir Dýrafjarðargöng og vegi um Dynjandisheiði og í Gufudalssveit. Þær vegbætur hafa gjörbreytt samgöngulandslaginu á Vestfjörðum og er farið að sjá fyrir endann á þeim með fyrirhuguðum verklokum á næsta ári.

**Fýsilegasti kosturinn að vera hluti af hringveginum**
Starfshópur innviðaráðherra skilaði niðurstöðum sínum til ráðherra síðasta fimmtudag. Niðurstaða starfshópsins er að ekki sé fýsilegt að merkja vegina sem um ræðir með vegnúmerinu 2 einkum vegna þess hvernig íslenska vegnúmerakerfið er byggt upp og þeirra væntinga um gæði vega sem falist gætu í eins stafs vegnúmeri. Starfshópurinn leggur til að í stað þess að fara þá leið að merkja fimm vegkafla, hringveg um Vestfirði með vegnúmerinu 2 verði vegir 60 frá Bröttubrekku um Dynjandisheiði og Dýrafjarðargöng til Ísafjarðar og vegur 61 frá Þröskuldum um Steingrímsfjarðarheiði og Djúp hluti af Hringvegi 1 um Ísland.

Megintilgangur Hringvegarins (þjóðvegar 1) er að tengja saman landshluta í eina samfellda heild með einum aðalvegi. Hlutverk hans er að tryggja grunnsamgöngur íbúa, ferðafólks, vöruflutninga og þjónustu milli landshluta. Hringvegurinn á að vera burðarás atvinnulífs með flutningi fólks og farms. Helstu rök starfshópsins fyrir því að skilgreina tvo meginvegi um Vestfirði sem hluta af Hringvegi 1 er að það muni jafna stöðu Vestfjarða gagnvart öðrum landshlutum og styrkja byggð á svæðinu.

Við upphaf greiningar starfshópsins taldi að hann að skilgreining Hringvegar 2 gæti orðið öflugt markaðstæki fyrir Vestfirði, jafnað búsetuskilyrði og stuðlað að auknum ferðamannastraumi. Nafnabreyting ein og sér væri þó ekki nægjanleg til að ýta undir aukið viðhald og vetrarþjónustu til dæmis á vegi 63 og 68 og væri auk þess líklegt til að skapa væntingar um betri vegi en þeir tilteknu vegkaflar geta staðið undir. Það er því mat hópsins að þessi útfærsla sé afar góður kostur og geti mun fremur jafnað stöðu Vestfjarða en upphaflega hugmyndin.

# VESTFIRÐIR VERÐI HLUTI AF HRINGVEGI 1 - FRAMH.

**Vestfjarðaleiðin sterkari en hringvegur 2**
Þegar hafist var handa við gerð Dýrafjarðarganga var farið að skoða með hvaða hætti mætti nýta hringleiðina sem myndast þegar kominn er greiðfær vegur á þjóðvegi 60 og heilsárstenging á milli sunnan og norðanverðra Vestfjarða. Þróunarverkefnið Hringvegur 2 varð formlega til árið 2018 og fékk síðar nafnið Vestfjarðaleiðin sem síðan þá hefur fest sig í sessi sem ferðamannaleið um Vestfirði og Dali.

Þegar kemur að ferðaþjónustu telur starfshópurinn líklegt að vörumerkið „Vestfjarðaleiðin“ sé sterkara en Hringvegur 2 fyrir Vestfirði og því væri vegnúmerið 2 ekki brýnt fyrir ferðaþjónustu á svæðinu.

Niðurstaða starfshópsins er því eins og áður segir sú að í stað þess að breyta fimm vegnúmerum á Vestfjörðum í Hringveg 2 verður tveimur meginvegnúmerum breytt í Hringveg 1. Þannig verði Vestfirðir ekki lengur eina heila landssvæðið á Íslandi sem þjóðvegur 1 liggur ekki um.

Hér má lesa frétt Innviðaráðuneytisins um málið

## Business Models Empowering Rural Social Entrepreneurship – voicing the rural norm

In this project we study the differences and similarities in social entrepreneurship in Sweden, Finland, Norway, Iceland and Ireland.

# MERSE: VEFSTOFA UM VIÐSKIPTAMÓDEL SAMFÉLAGSFYRIRTÆKJA Í DREIFBÝLI

Alþjóðlega vefstofa MERSE  Let's talk about business models for rural social enterprises, sem Mittuniversitetet og Vestfjarðastofa stóðu fyrir, fór fram 26. mars síðastliðinn og tókst afar vel. Þátttaka var góð og dagskráin þéttskipuð.

Áhersla vefstofunnar var á viðskiptamódel samfélagsfyrirtækja í dreifbýli og þá áskorun sem felst í að þróa sjálfbæra starfsemi sem þjónar bæði samfélagslegum og fjárhagslegum markmiðum. Fram kom að þetta jafnvægi getur verið flókið í framkvæmd, en jafnframt að víða er unnið markvisst að því að finna nýjar og skapandi lausnir.

Til máls tók fjölbreyttur hópur sérfræðinga og frumkvöðla. Cecilia Dahlborg fjallaði á áhugaverðan hátt um það sem fræðin segja um viðskiptamódel í samfélagsrekstri og dró fram lykilatriði sem nýtast við mótun slíkra verkefna. Þá deildu fulltrúar samfélagsfyrirtækja og stuðningsumhverfis reynslu sinni, meðal annars Sjur Hovi frá Jobloop, Hildur Dagbjört Arnardóttir frá Gróanda, Arnar Sigurðsson frá East of Moon og Jarmo Hänninen frá YYO, The Centre of Expertise for Social Enterprises .

Í NPA-verkefninu MERSE Business Models Empowering Rural Social Entrepreneurship – Voicing the Rural Norm, er sjónum beint að samfélagsrekstri í dreifbýli og borin saman staða og þróun í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi, Íslandi og Írlandi. Markmiðið er að varpa ljósi á bæði sameiginlega þætti og sérstöðu samfélagsfyrirtækja á þessum svæðum og efla þekkingu og stuðning við greinina. Sem hluti af lokaafurð verkefnisins er verið að þróa nýja vefsíðu þar sem finna má hagnýt verkfæri fyrir samfélagsfrumkvöðla, þar á meðal social business canvas, sem nýtist við að móta og þróa viðskiptamódel, endilega kíkið á það https://www.ruralse.eu/

# OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í STYRKTARSJÓÐ HAFNA ÍSAFJARÐAR-BÆJAR

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr styrktarsjóði Hafna Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2026.

Markmið með sjóðum er að styrkja og bæta bæjarbraginn og eru í ár 8 milljónir til úthlutunar. Sjóðurinn er að þessu sinni þrískiptur þar sem styrkja skal viðburðahald, samfélags- eða fegrunarverkefni sem efla samfélagið í Ísafjarðarbæ.

- Viðburðir - Styrkjum er úthlutað til einstakra viðburða, eða raða viðburða sem haldnir eru í Ísafjarðarbæ árið 2026. Viðburðir mega fara fram á öllum tíma dags og öllum tímum árs. Ekki er krafa um að viðburðir séu þátttakendum að kostnaðarlausu en forgangs njóta ókeypis viðburðir. Ekki eru veittir styrkir til rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbóta fyrirtækjum þ.m.t. á eignum.
- Fegrunarverkefni – Verkefni sem miða að fegrun og bættu umhverfi í Ísafjarðarbæ. T.d vegglist, umhverfislist, bættar merkingar húsa og fyrirtækja. Undir þetta fellur ekki almennt viðhald fasteigna.
- Samfélagsverkefni – Uppbyggjandi og jákvæð verkefni sem nýtast samfélaginu. Styrkjunum er ætlað að styðja við framtak hópa og einstaklinga sem stuðla að farsæld, lífsgæðum og fjölbreyttu mannlífi. Svo sem starfsemi opinna frjálsra félagasamtaka sem vinna í almannaþágu árið um kring.

Hægt er að sækja um styrk að hámarki 800.000 kr. Ekki er krafist mótframlags frá umsækjanda.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl kl 16:00

***Umsóknareyðublað hér***

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Magnea Garðarsdóttir verkefnisstjóri á netfanginu ***magnea@vestfirdir.is***

Þetta er í þriðja sinn sem sjóðurinn úthlutar styrkjum og er hann liður í stefnu og aðgerðaáætlun um móttöku skemmtiferðaskipa við hafnir Ísafjarðarbæjar 2024–27.

# VESTFIRÐINGAR TÓKU ÞÁTT Í ALÞJÓÐLEGU LEIÐTOGANÁMI Í SAMFÉLAGSLEGRI NÝSKÖPUN

Tveir fulltrúar frá Vestfjörðum, þær Anna Björg Þórarinsdóttir frá Galdrasýningunni á Ströndum og Heiðrún Björk Jóhannsdóttir frá Netagerðinni á Ísafirði, tóku nýverið þátt í alþjóðlegu leiðtogaþjálfunarverkefni (Leadership Training Programme) á vegum MERSE verkefnisins.

Anna Björg og Heiðrún hafa í eitt og hálft ár tekið þátt í svokölluðu jafningjanámi (peer-to-peer learning), þar sem þátttakendur læra hver af öðrum og deila reynslu úr ólíkum samfélögum.

Í upphafi verkefnisins komu þátttakendur aftur saman í Galway á Írlandi og nú hittist hópurinn þar á ný þar sem farið var yfir hvaða lærdóm mætti draga af verkefninu. Jafnframt var unnið í sameiginlegum áskorunum og dýpkuð þekking þeirra sem leiðbeinendur fyrir samfélagsverkefni í heimabyggð. Skýrt kom fram að þrátt fyrir ólíkar aðstæður standa dreifð samfélög víða frammi fyrir svipuðum áskorunum og tækifærum.

Á námskeiðinu var unnið með hvernig best er að styðja samfélagsverkefni og frumkvöðla. Meðal þess sem þátttakendur tóku með sér var mikilvægi þess að halda fókus á tilgang verkefna, nýta styrkleika samfélaga og byggja á því sem þegar virkar vel. Einnig var lögð áhersla á að góð handleiðsla byggi á trausti, skýrum mörkum og skilningi á mismunandi leiðum sem fólk nemur.

Þátttakendur unnu jafnframt með eigin reynslu og verkefni að heiman, sem gerði námið hagnýtt og beintengt þeirra starfi í heimabyggð.

Hluti af dagskránni var vettvangsferð á eyjuna Inis Mór, eina Aran-eyja, þar sem þátttakendur kynntust samfélagsdrifnum lausnum í litlu og afmörkuðu samfélagi. Þar heimsóttu þau meðal annars samvinnufélög sem sinna grunnþjónustu, orkuskiptum og endurvinnslu.

Ferðin sýndi hvernig samfélagsfyrirtæki geta gegnt lykilhlutverki í að halda uppi þjónustu og lífsgæðum á svæðum þar sem hefðbundin kerfi ná síður til. Lausnirnar byggja oft á samvinnu, nýsköpun og sterkri staðbundinni þekkingu.

Meðal þess sem vakti athygli var hvernig íbúar vinna saman að orkuskiptum, nýta sameiginlegar lausnir til að lækka kostnað og byggja upp sjálfbærni, auk þess að þróa skapandi leiðir til að takast á við úrgang og árstíðabundinn fjölda ferðamanna.

Fimm lönd taka þátt í MERSE sem styrkt er af NPA-áætlun Evrópusambandsins, auk Íslands eru það Írland, Svíþjóð, Finnland og Noregur. Markmið MERSE er að þróa viðskiptamódel og stuðningskerfi til að auðvelda stofnun og þróun samfélagsdrifins reksturs í dreifðum byggðum.

# SAMEINING ÁRNESHREPPS OG KALDRANANESHREPPS SAMÞYKKT

Sveitarfélögum á Vestfjörðum mun brátt fækka um eitt, en íbúar í Árneshreppi og Kaldrananeshreppi hafa samþykkt sameiningu sveitarfélaganna í íbúakosningu.

Kosningin stóð yfir frá 14. mars til 28. mars og höfðu íbúar kost á að greiða atkvæði í því sveitarfélagi sem þeir eru á kjörskrá í og gafst þeim einnig kostur á að greiða atkvæði með pósti á tímabilinu. Niðurstöður kosningarinnar sýna að meirihluti kjósenda í báðum sveitarfélögum studdi sameininguna.

Í Árneshreppi voru 54 á kjörskrá og greiddu 44 atkvæði, sem samsvarar 81,48% kjörsókn. Af þeim sögðu 25 já, eða 56,81% greiddra atkvæða, 18 sögðu nei, eða 40,90%, og einn seðill var auður.

Í Kaldrananeshreppi voru 95 á kjörskrá og greiddu 56 atkvæði, sem er 58,94% kjörsókn. Þar sögðu 41 já, eða 73,21% kjósenda, 12 sögðu nei, eða 21,42%, og þrír seðlar voru ógildir.

Með þessari niðurstöðu hefur sameining sveitarfélaganna verið samþykkt í báðum sveitarfélögum. Sveitarstjórnir hreppanna tveggja munu skipa stjórn til undirbúnings fyrir sameinað sveitarfélag og gera tillögu til innviðaráðherra um hvenær og hvernig sameiningin tekur gildi.

KALDRANANESHREPPUR

4902

# Verkefnisstjóri á Drangsnesi

Vestfjarðastofa, með stuðningi Byggðastofnunar, auglýsir eftir verkefnisstjóra á Drangsnesi. Verkefnisstjóri gegnir hlutverki leiðtoga verkefnisins Brothættra byggða í Kaldrananeshreppi og vinnur að eflingu byggðar og mannlífs í Kaldrananeshreppi.

Verkefnið er til fimm ára, hófst árið 2025, er hluti af verkefnum Brothættra byggða og er samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Vestfjarðastofu og Kaldrananeshreppi.

Um er að ræða 100% starf með starfsstöð á Drangsnesi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar um verkefnið Brothættar byggðir er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is).

Nánari upplýsingar veitir: Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (sirry@vestfirdir.is)
Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2026.

**Frekari upplýsingar og umsókn**

# Kynningartillaga Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 er opin til umsagnar fram til 7. apríl

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Vestfjarðastofa

*Starfsfólk og stjórn Vestfjarðastofu óskar Vestfirðingum og landsmönnum öllum gleðilegra páska.*